

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/35/EB

2009/EES/71/26

frá 18. júní 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/756/EBE varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra í því skyni að laga hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

4) Því ber að breyta tilskipun 76/756/EBE til samræmis við þetta.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 2. mgr. 13. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/756/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

Viðaukinn við þessa tilskipun komi í stað II. viðauka við tilskipun 76/756/EBE.

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 76/756/EBE er ein sértilskipananna í tengslum við gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja gilda því um tilskipun 76/756/EBE.

Séu kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 76/756/EBE, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, ekki uppfylltar skulu aðildarríkin líta svo á frá og með 10. júlí 2011, af ástæðum sem varða ljósa- og ljósmerkjabúnað, að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar.

3. gr.

2) Í því skyni að auka umferðaröryggi með því að gera stórar vörubifreiðar og eftirvagna þeirra sýnilegri skal kveðið á um í tilskipun 76/756/EB að skylt verði að búa þessi ökutæki endurskinsmerkjum.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. júlí 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 10. júlí 2008.

3) Með tilliti til frekari breytinga á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 ⁽³⁾, sem Bandalagið hefur þegar greitt atkvæði um, ber að laga tilskipun 76/756/EBE að tækniframförum með því að samræma hana tæknilegu kröfunum í reglugerðinni. Til glöggvunar skal skipta út II. viðauka við tilskipun 76/756/EBE.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 12.6.2008, p. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/96/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB (Stjtið. EB L 171, 30.6.1997, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 137, 30.5.2007, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júní 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIDAUKI

„II. VIDAUKI

1. Tæknilegu kröfurnar eru settar fram í 2., 5. og 6. lið og í 3. til 9. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.
2. Að því er varðar framkvæmd ákvæðanna, sem um getur í 1. lið, gildir eftirfarandi:
 - a) „óhlaðið ökutæki“: ökutæki tilbúið til aksturs, með massa sem er lýst í lið 2.6 í 1. viðbæti við I. viðauka þessarar tilskipunar, án ökumanns,
 - b) „eyðublað fyrir tilkynningar“ ber að skilja þannig að um sé að ræða gerðarviðurkenningavottorð sem sett er fram í 2. viðbæti við I. viðauka við þessa tilskipun,
 - c) „samningsaðilar að viðkomandi reglugerðum“ ber að skilja sem aðildarríki,
 - d) líta ber á tilvísunina í reglugerð nr. 3 sem tilvísun í tilskipun 76/757/EBE,
 - e) 2. nmgr. í lið 2.7.15 gildir ekki,
 - f) 8. nmgr. í lið 6.19 gildir ekki,
 - g) skilja ber 1. nmgr. í 5. viðauka þannig: „Að því er varðar skilgreiningar flokkanna vísast til A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE“.
3. Með fyrirvara um kröfurnar í a. og c. lið 2. mgr. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/156/EBE, kröfurnar í þessum viðauka og kröfur í sértilskipununum er óheimilt að setja upp annan ljósa- og ljósmerkjabúnað en þann sem er skilgreindur í lið 2.7. í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.